


## Sumargötur 2020

Lagt er til að eftirfarandi götur verði tímabundnar göngugötur frá 5. júní til 1. október 2020.

- **Laugavegur** milli Frakkastígs og Klapparstígs.
- **Vatnsstígur** milli Laugavegar og Hverfisgötu.
- **Bankastræti** milli Ingólfsstrætis og Lækjargötu.

Almenn umferð og bifreiðastöður verði óheimilar. Akstur vegna vöruafgreiðslu verði heimilaður kl. 07.00 til 11.00 virka daga og kl. 08.00 til 11.00 á laugardögum á tímabilinu.

Tímabundnar göngugötur verða merktar með viðeigandi merkjum.



## Greinargerð

Til að skapa aukið og betra rými fyrir gangandi vegfarendur, mannlíf og starfsemi er lagt er til að ofangreindir götukaflar verði sumargötur, tímabundnar göngugötur árið 2020.

Tillagan er í samræmi við samþykkt skipulags- og samgönguráðs 3. apríl 2019 um áfangaskiptingu undirbúnings göngugatna í miðborginni. Sumargöngugötur eru útvíkkun á þeim varanlegu göngugötusvæðum sem nú hafa verið staðfest í deiliskipulagi. Lagt er til að vöruloseun verði heimil með sama hætti og á varanlegum göngugötum og að aðgengi íbúa/starfsemi með bílastæði inni á lóð við göturnar verði tryggt.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

---